

## REGLUGERÐ

### um alþjóðlegar þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

Reglugerð þessi er sett til þess að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne nr. 1132 (1997) og 1171 (1998) og ákvörðunum framkvæmdanefndarinnar um þvingunaraðgerðir varðandi Síerra Leóne, sbr. sömu ályktanir.

Ákvarðanir framkvæmdanefndarinnar, þ.m.t. uppfærðir listar yfir aðila og hluti sem þvingunaraðgerðir beinast að eða varða, eftir því sem við á, eru birtar á vefsetri hennar (<http://www.un.org/sc/committees/1132/index.shtml>).

Ákvæði reglugerðar nr. 119/2009 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skulu gilda um framkvæmd reglugerðar þessarar.

#### 2. gr.

##### *Vopnasölubann.*

Vopnasölubann skal gilda gagnvart Síerra Leóne, sbr. 2.-4. mgr. ályktunar nr. 1171 (1998).

Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við um:

- a) ríkisstjórn Síerra Leóne, enda sé viðkomandi búnaður undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna og aðildarríkja þeirra, sbr. 2.-4. mgr. ályktunar nr. 1171 (1998) og
- b) hergögn sem eru eingöngu til afnota fyrir hereftirlitshóp Efnahagsbandalags Vestur-Afríkurríkja (Military Observer Group of the Economic Community of West African States, ECOMOG).

#### 3. gr.

##### *Landgöngubann.*

Einstaklingum, sem öryggisráðið eða framkvæmdanefndin tilgreinir, sbr. I. viðauka, er óheimilt að koma til landsins eða hafa hér viðkomu, sbr. 5. mgr. ályktunar nr. 1171 (1998).

#### 4. gr.

##### *Undanþágur frá þvingunaraðgerð.*

Ráðherra getur veitt undanþágur frá þvingunaraðgerðum, sem gripið hefur verið til á grundvelli ályktana öryggisráðsins, af mannúðarástæðum eða öðrum ástæðum.

#### 5. gr.

##### *Viðurlög.*

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða skal sæta viðurlögum skv. 10. gr. laganna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

#### 6. gr.

##### *Heimild.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008.

7. gr.  
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 471/1998 um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1171 (1998) um þvingunaraðgerðir gegn hinum vopnuðu stjórnarandstöðusveitum í Síerra Leóne.

*Utanríkisráðuneytinu, 20. janúar 2009.*

**Össur Skarphéðinsson.**

*Benedikt Jónsson.*

I. VIÐAUKI

**Listi varðandi landgöngubann, sbr. 3. gr.**

This list was last updated on 9 June 2008, and is to be updated on a regular basis. It has been distributed to all Member States and international organizations/agencies.

MEMBERS OF THE SUPREME COUNCIL OF THE ARMED FORCES REVOLUTIONARY COUNCIL

<b>Name</b>	<b>Title</b>
BRIMA, Alex Tamba (Staff Sergeant)	Principal Liaison Officer II, Works and Labour, Sierra Tel, Customs and Excise, SALPOST
KALLON, Morris (Major) KAMARA, Brima Bazy (Staff Sergeant) aka Ibrahim Bazy	Principal Liaison Officer III, Agriculture Forestry and Fisheries, Energy and Power, Lotto and Income Tax
KHANU, S.B. (Sergeant) KOROMA, Johnny Paul (Major)	Chairman of the Supreme Council of the Armed Forces Revolutionary Council (AFRC), Head of State & Commander-in-Chief
SESAY, Issa H. (Colonel)	